

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2021 (105. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 05.07.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

- 1. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. Byggingarmagn B – svæði**
Auglýst hefur verið tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar varðandi auknar byggingarheimildir á B – svæði. Sjá fyrri bókanir í skipulagsnefndinni.

Lagðar voru fram ábendingar og/eða umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Samgöngustofa
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Suðurnesjabær
- Reykjanesbær
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Öryggisnefnd íslenskra atvinnuflugmanna

Lögð var fram tillaga VSÓ Ráðgjafar að viðbrögðum við framangreindum ábendingum og/eða umsögnum, dags. 22.06.2021. Þar kemur fram að umsagnaraðilar geri ekki athugasemdir við umrædda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030. Ekki er því þörf á að bregðast við vegna þeirra umsagna sem borist hafa vegna aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti fyrir sitt leyti aðalskipulagsbreytinguna. Utanríkisráðuneytið er einnig samþykktaraðili aðalskipulagsbreytingarinnar.

2. **Fyrirspurn frá Isavia vegna geymslusvæðis fyrir malbik**
Málið kynnt. Frestað.
3. **Deiliskipulag vestursvæðis**
Breyting á deiliskipulagi vestursvæðis hefur tekið gildi með auglýsingu í B – deild Stjórnartíðinda, útgáfudagur 18.06.2021.
4. **Næsti fundur**
Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 23. ágúst 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx